

Glíman við austfirsku hreindýrin

EFTIR STEINUNNI ÁSMUNSDÓTTUR BLADAMANN



REIMAR ÁSGEIRSSON FELDI ÞRÍJA MUNDARLEGA HREINDÝRSTARFA
Á GRÆNLANDI Í FYRRA, AUK BRUTA. HANN Á ÞANN DRÖM EÐ
HEITASTAN AÐ FARA TIL VEIÐA Í ÖBYGGÐUM ALASKA.

REIMAR ÁSGEIRSSON Á EGILSSTÖÐUM HEFUR SKAPAÐ SÉR GÓÐAN ORÐSTÝR FYRIR UPPSTOPPUN Á HREINDÝRUM OG VERKEFNIN HLAÐAST UPP HJÁ HONUM. AUK ÞESS ER HANN VEIÐIMAÐUR AF LÍFI OG SÁL OG LEIÐSÖGUMAÐUR HREINDÝRAVEIÐIMANNA. SKOTVÍS TÓK HÚS Á REIMARI ÞEGAR STUTT HLÉ VARÐ Á VEIÐILEIÐSÖGNINNI.

Það er kappnóg að gera hjá Reimari enda hreindýraveiðivertíðin í fullum gangi. Stöðugt er gáð til veðurs og spekulerað í skyggni og vænlegum veiðislóðum.

Hann segir að fyrri hluta hreindýraveiðitímabilsins hafi færri veiðimenn verið á ferð en æskilegt væri, þrátt fyrir hvatningu um að hefja veiðar snemma á tímabilinu. „Menn eru tregir að fara af stað, en þeim fjölgar þegar byrja má að veiða kýrnar 1. ágúst,“ segir Reimar. „Svo verður alltaf sprenging í kringum 20. ágúst þegar gæsaveiðitímabilið hefst. Fólklæynir þá að búa til gæsatur úr þessu líka. Gerst getur að veiðimenn standi í biðröðum á einstökum svæðum þegar svo margir koma í einu og kvóti veiðidýra er stór. Þá verður stundum heldur margt um manninn á veiðislóð.“

Í tarfaveiðinni voru dýrin í upphafi tímabils dreifð og Reimar segist þá lítið hafa séð af kúm. Helst inn undir Snæfelli og á Vesturöræfum. Hann hafi sjálfur mest verið á Fella- og Jökuldalsheiðum með veiðimenn og tarfaveiði þar gengið ágætlega.

Hreindýr virðast vel haldin, en þó rýrari en í fyrra. Segist Reimar hafa tilfinningu fyrir því að dýrin séu ekki eins feit og áður. Sem ástæða þess nefnir hann að hugsanlega hafi harður vetur og kalt vor og sumar þar eitthvað að segja. Snjóþyngsli voru óvenjumikil til fjalla á austurhluta landsins og enn séu skaflar á heiðum, sem hann hafi ekki séð áður á þessum tíma árs. Dýrin séu því líklega seinni til en venjulega að ná upp fitu.

LEIÐSÖGUMANNAKERFIÐ AÐ VIRKA

Reimar hefur verið leiðsögumaður með hreindýraveiðimönnum í nokkur ár. Leiðsögumenn telja nú hálfan níunda tug. Honum hugnast leiðsö-

sögukerfið vel og segir það virka með ágætum. Sönnun þess sé í raun veiðitímabilið í fyrra. „Þá var stærsti kvóti Íslandssögunnar og talað um frá fyrsta degi að aldrei myndi ganga að ná öllum þessum dýrum, fjöldinn væri slíkur, veiðitímabilið stutt og erfitt að ná mönnum snemma af stað. Þegar líða fór á tímabilið sóttu menn harðar í veiðina og á endanum náðist nánast allt. Leiðsögumannakerfið virkar, á því er ekki vafi. Heilmikið samráð er á milli okkar sem stundum veiðileiðsögn og Jóhann G. Gunnarsson, starfsmaður veiðistjórnunarviðs Umhverfisstofnunar er þungamiðjan í allri upplýsingagjöf og tengingum milli manna. Hann hefur staðið sig vel.“

Í ár eru útgefin veiðileyfi 196 fleiri en í fyrra, eða 1333 talsins. Reimar er inntur eftir hvort æskilegt sé að kvóti verði áfram aukinn og þá jafnframt veiðialag. „Náttúrustofa Austurlands er heldur að auka kvóta, með það fyrir augum að fækka dýrunum nokkuð. Náist kvótinn í ár á ég ekki von á að dýrunum fjölgi mikið meira. Stækki kvótinn hins vegar enn þarf að bregðast við með því t.d. að úthluta veiðimönnum ákveðnum tíma á veiðitímabilinu, þannig að veiði dreifist jafnar yfir tímann. Til einhverra ráða verður að grípa, því veiðin er nú að mínu mati nálægt þolmörkum.“

SKOTPRÓF ÆSKILEG FYRIR BYRJENDUR

Tillaga hefur komið frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum um að veiðimenn undirgangist skotpróf áður en haldið er til veiða. Reimar telur það ágætis hugmynd, einkum og sér í lagi fyrir þá sem eru að fara í fyrsta sinn á hreindýraveiðar. Frá veiðimanni komi væntanlega í kjölfar skotprófs talsvert af spurningum til þeirra sem halda slíkt próf og þá hægt

að hjálpa viðkomandi með það sem óklárt er. Skotpróf sé þannig fræðandi og gott. Hæpið sé þó að skikka alla í slíkt, gamlir og reyndir veiðimenn hafi vísast ekki þörf fyrir að undirgangast próf í skotfimi.

Hreindýrleiðsögumenn stjórna veiðiferðum og eru að sögn Reimars mjög meðvitaðir um góða umgengni við náttúruna. „Væri svo ekki færi glansinn mjög fljótt af veiðunum. Það er ekki gaman að koma með veiðimann upp og sjá rusl og drasl, hausa frá í fyrra og lappir út um alla móa. Maður sá þetta svolítið í gamla daga, áður en hreindýraveiðar urðu vinsælar og dýrin voru mest skotin fyrir hreppana. Nú er þetta liðið undir lok sem betur fer.“

Reimar bendir á að hvergi í landinu sé eins mikil hálendisumferð eins og á þeim heiðum Austurlands þar sem hreindýraveiðar eru stundaðar. „Mér finnst dæmigert hér inni á heiðum hvernig hægt er að ganga um landið með mikilli umferð án þess að stórsjái á því. Þetta finnst mér vera leiðsögumönnum fyrst og fremst til hróss og vitnis um hvernig þeir ganga um, því umferðin er gríðarmikil. Bara inni á Fljótsdalsheiði, þar sem eru í kringum 600 veiðileyfi, þýðir það um 500 ferðir með veiðimenn. Hvar á Íslandi er slík umferð á hálendi? Ég sé sáralítillandspjöll eftir veiðimenn og sem betur fer er mikil og góð meðvitund hjá leiðsögumönnum um umgengni.“

Talið berst að notkun leiðsögumanna á sexhjólum til að sækja dauð dýr út fyrir slóðir, en um það var mikið deilt fyrir nokkrum misserum. Þeir mega nú nota sexhjól til að sækja dauð dýr. Reimar telur það stórt skref fram á við, því sexhjólín séu tæki sem komist hvert sem er og að geta sótt af slóð dautt hreindýr á slíku verkfæri sé mikil framför. „Við sem erum í þessu vitum

að með því að keyra um eins og menn, komust við á sexhjólunum án þess að sjáist nokkur ummerki eftir þau. Það gerir veiðina miklu auðveldari og á stóran þátt í að ná upp í kvóta.“

Á SLÓÐUM HINS OPINBERA

Ástand slóða á hreindýraveiðisvæðum er misjafnt. Reimar telur að gera mætti bragarbót á þeim. Víða séu staðir sem verði torfærir í bleytu og fljótt komi drullugöt í slóðirnar með tilheyrandi sárum. Þær verði þá illfærar nema fullbreyttum bílum. Ekki þurfi mikla vinnu til að hlaða malarhlössum í þekktu drullupytti þannig að slóðir haldist greiðfærar. „Úrbætur á slóðum fyrir hreindýravertið hvers árs ættu að vera á höndum sveitarfélaganna. Þannig myndu þau auðvelda umferð og léttu álag. Arðurinn af hreindýraveiðileyfasölu skilar sér beint til bænda og sveitarfélaganna og veiðimenn kaupa þjónustu á svæðunum. Fljótsdalshérað fær t.d. heilmikið í gegnum túrismann í kringum hreindýraveiðarnar. Það er heldur lítil meðvitund hjá sveitarfélögum um að með vaxandi vinsældum hreindýraveiðanna á Austurlandi og markaðssetningu þeirra þurfi að hafa aðgengið í lagi.“

Stjórnsýslulegt skipulag hreindýraveiðanna er Reimari hugleikið og hann segir lagalegt umhverfi veiðanna á haus. „Við fáum ekki svör og enginn virðist geta svarað til um ýmsa þætti í kringum veiðarnar. Í lögum segir t.d. að allur utanvegaakstur sé bannaður nema eftir merktum slóðum. Það vill nú svo til að aðeins örfáar slóðir eru merktar á Austurlandi. Þó slóðir sem við notum séu um allar heiðar eru þær ekki merktar. Því erum við farnir að brjóta lög um leið og við förum af merktri slóð. Annað dæmi af fjölmörgum óvissuþáttum er notkun fjórhjóla. Nú mega menn vera á götuskráðum fjórhjólum og telja sig vera jafnréttáa og bíl á merktri slóð. Því hefur ekki verið hægt að svara svo óyggjandi sé hvort þetta er leyfilegt. Ekki heldur hvort veiðimaður á mínum vegum má hjóla á sexhjólunum á eftir bílnum



REIMAR Á GRÆNLANDI 2007
MEÐ VÆNAN HRÚT.

á slóðinni. Ýmislegt í kringum veiðarnar er því óljóst og mjög óþægilegt að hafa ekki skýran ramma. Af hverju ekki tekst að fá svör er óútskýrt. Við og löggæslan erum því á báða bóga á gráu svæði hvað þetta snertir.“

Hann staðhæfir að stjórnun hreindýraveiða eigi að vera á Austurlandi, annað sé blátt áfram út í hött. Það sé hreinlega hlægilegt að stjórnun á þessu séraustfirsku fyrirbæri sem hreindýraveiðarnar eru skuli vera annars staðar en á Austurlandi. „Sjónarmið okkar sem störfum við að koma veiðimönnum á hreindýraslóðir og veiða hreindýr komast ekki til þeirra sem hafa yfirstjórn með hreindýraveiðum. Það er væntanlega að einhverju leyti vegna þess að yfirstjórnin á batteríinu er ekki í fjórðungnum og þ.a.l. hefur það ekki

skilning á út á hvað þetta gengur. Það var virkilega stórt skref aftur á bak þegar stjórnunin var tekin úr fjórðungnum og gæti tekið tímann sinn að ná því til baka.“

VEIÐIMENN LÁTI HORNAMÆLA KRÚNUR

Hornamælingar hreindýra hafa verið iðkaðar á Austurlandi síðan 2005, en Reimar lærði aðferðarfræðina við þær í Kanada. Krúnur eru mældar yfir þriggja ára tímabil í senn og að því búnu veitt gull- og silfurverðlaun fyrir myndarlegustu höfuðdjásnin. Jafnframt geta menn séð hvar þeirra krúna stendur miðað við aðrar inni á vefnum www.hreindyr.is, þar sem finna má margvíslegan fróðleik um hreindýr og hreindýraveiðar. Reimar hvet-

ur tarfaveiðimenn til að skila krúnum inn til hornamælinganefndar, hvort sem um stórar eða minni krúnur er að ræða. Nefndin þurrki krúnurnar í tvo mánuði, mæli þær og skili til eiganda. Mælingarnar gefi mikilvægar upplýsingar og séu aukin heldur skemmtileg leið fyrir veiðimenn til að sjá hvar veiðidýrið lendir í skalanum.

Varðandi hreindýraveiðar framtíðarinnar telur Reimar mikilvægt að veiðimaður sem kaupir sér tarfsleyfi fyrir talsvert fé, geti gengið að því vísu að nóg sé til af fullorðnum og hornprúðum törfum. Allir veiðimenn sem kaupir sér veiðileyfi á tarf þurfi að vera öruggir um að þeir nái stóru og fallegu dýri. „Veiðikvótinn er ákveðið stór og af honum viss fjöldi tarfa sem má veiða. Stofninn er nýttur með þessum leyfum og það verður bara að ganga þannig frá málum að nóg sé til fyrir alla á hverju veiðisvæði. Það er hugsanlega á mörkunum að svo sé nú, í jafn stórum veiðikvóta og er á t.d. Fljótsdalsheiðinni. Mér segir svo hugur að meðalvigt hreindýrstarfa þar eigi eftir að detta niður þegar líður á veiðitímabilið, nema komi inn á svæðið einhver dýr sem ég veit ekki um. Mér finnst ekki boðlegt að selja mönnum hreindýraveiðileyfi án þess að þeir geti fengið stóran og fallegan tarf. Fjöldinn af törfunum má því vera aðeins meiri þannig að öruggt sé að verji menn einhverjum tíma til að leita að stórum törfum þá finnst þeir. Ég held kannski að í öllu vafstrinu með kvótann og fleira gleymist að hugsa málin út frá veiðimanninum líka.“

LÍFSVIÐURVÆRI MILLI VEIÐITÍMABILA

Reimar er fæddur og uppalinn við veiðiskap í Breiðdalnum og segist alltaf hafa haft einlægan áhuga á náttúrunni og því sem í henni er. Hann flutti ásamt eiginkonu sinni, Ásdísi Sigurjónsdóttur, frá Grindavík árið 2001 og fór þá að vinna á Seyðisfirði. Fljótlega fór hann í ferðir með Náttúrustofu Austurlands í sambandi við talningar og fleira, ásamt því að leiðsega við hreindýraveiðar.



GRÍÐARMIKIL ÁSÓKN ER Í AÐ FÁ HREINDÝRSHAUSA STOPPAÐA UPP HJÁ REIMARI, ENDA ER HANN TALINN AÐFRAGDSFÆR Í FAGINU. HÉR ER HANN Í BILSKÚRNUM HEIMA HJÁ SÉR AÐ FÁST VIÐ HAUSA.

Allt var þetta upp á náð og miskunn vinnuveitandans og einn daginn kom að því að Reimar varð að gera upp á milli fjallabrólts í tíma og ótíma og atvinnunnar. Þá flaug honum í hug að gera sér lífsviðurværi úr uppstoppun hreindýra milli veiðitímabila og úr varð að hann fór til Manitobafylkis í Kanada í nám 2004. Skemmst er frá því að segja að Reimar hefur nú verkefni í uppstoppun tvö ár fram í tímann og frá byrjun hefur ekki verið nokkur hörgull á verkefnum. „Það kom mér skemmtilega á óvart hversu mikið varð í kringum þetta. Mér hefur gengið vel í faginu enda verið í kringum hreindýr frá blautu barnsbeini. Þetta eru þær skepnur sem ég þekki best af öllum íslenskum dýrum. Vonandi eru menn ánægðir með það sem þeir fá í hendurnar frá mér. Ég reyni eftir fremsta megni að láta uppstoppað hreindýr eftir mig líkjast dýrinu sem mest eins og það var lifandi í náttúrunni. Ég lærði alla uppstoppun í Kanada, þ.e. fugla, fiska, spendýr og hreindýrshausa. Eðlilega hafa hreindýrin orðið langsamlega stærsta viðfangsefni mitt. Ég þarf talsverðan búnað til að súta og vinna hreindýrshausana og hef yfirleitt stílað inn á að taka stærri verkefni, eins og t.d. hreindýr, sauðnaut o.fl. þar sem súta þarf skinnin. Ég hef

minna verið í fuglum og fiskum enda eru margir uppstoppapar á landinu sem gefa sig út fyrir það en kannski ekki í skinnin. Ég vísa þá verkefnum til þeirra og þeir aftur stórum dýrum til mín.“

LOÐNU HORNIN VANDASÖMUST

Ferlið frá því Reimar byrjar á hreindýrshaus og þar til verkefninu er lokið tekur mánuð. Hann skapar gerfihaus og klæðir svo leðrið úr sítuninni blautt upp á mótið. Hausinn er um þrjár vikur að þorna og er undir stöðugu eftirliti, því leðrið skreppur saman. Svo er að festa krúnuna á og ganga frá fínvinnu. Séu hreindýr veidd snemma á veiðitímanum eru horn þeirra loðin. Reimar hefur sérhæft sig í verkun þeirra og reyndin orðin sú að fleiri slík horn berast honum en hvít horn. Talsvert meiri vinna er að gera hausey með loðnum hornum, því þá þarf einnig að súta skinnið á hornunum, sem er vandmeðfarið og ekki á allra færi. Reimar fær mörg verkefni á veiðitímanum og þar sem hann er þá á fjöllum tekur hann á móti hausunum og setur þá í frystiklefa sem hann hefur aðgang að á Þrándarstöðum, skammt frá Egilsstöðum. Svo tekur hann hausana jöfnum höndum út yfir veturinn og vinnur þá. Grófari vinnan er fram-



REIMAR ER LEIÐSÖGUMAÐUR MED HREINDÝRAVEIÐUM. HÉR ER HANN ÁSAMT EDUARDO GARIQUES SEM FELLDI MYNDARLEGAN TARF Á AUSTFIRSKU HEIDUNUM.

kvæmd á verkstæði á Práandarstöðum, en fínvinna fer fram í bílskúrnum heima hjá Reimari. Stórar hreindýrskrúnur taka gríðarlegt pláss og skúrinn því fljótur að yfirfyllast. Hann hefur þó sín sambönd í stórum bílasýningarsal JG bíla á Egilsstöðum, þar sem hausarnir fá að hanga uppi öllum til ánægju á meðan þeir þorna. Reimar tekur um eitt hundrað þúsund króna gjald fyrir hausinn, en nokkru meira séu hornin loðin. Hann hvetur veiðimenn til að gæta að því að taka nógu mikið skinn. Króna á stórum hornprúðum tarfi nái aftur á bóga og því mikilvægt að taka skinnið í hring fyrir aftan bógana, til að uppstopparinn geti gert nægjanlega stórt mót svo hornin standi ekki föst í veggnum á bak við hausinn. Að öðru leyti ganga skinn af hreindýrum að miklu leyti til fatahönnuðar og handverkskonu á Héraði, sem báðar vinna með hreindýraskinn. Karl Bjarnason á

Sauðárkróki hefur tekið að sér að súa skinn fyrir veiðimenn.

LANGAR TIL VEIÐA Í ÓBYGGÐUM ALASKA

Reimar veiddi mikið í Kanada þegar hann var við nám. Þar bjó hann í fimm hundruð manna veiðisamfélagi frumbyggja og veiðidýr á hverju strái umhverfis. Hann veiddi t.d. sléttuúlfa, elgi, hjartardýr, íkorna, þrjár tegundir rjúpna og fleiri fugla. Birnir lágu í hýði svo ekki var unnt að elta við þá. Hann segist ekki hafa farið gagnert til útlanda í veiði, nema í fyrra til Grænlands, þar sem hann felldi hreindýr og hrúta. Hann er jafnvígur á flest vopn til sjós og lands og það eina sem hann hefur forðast hingað til er að leggjast á greni. Um leið og slíkt gerist sé voðinn vís, því hann fái þá delli fyrir því og til þess hafi hann bara engan tíma.

Reimar dreymir um að fara í veiðiferð um óbyggðir Alaska, þar sem sé endalaus veiðiflóra. Þar eru m.a. geitur og sauðfé, tvær tegundir bjarna, elgir og fleiri hjartardýr. Hann hefur leiðsagt veiðimönnum frá Alaska á hreindýraveiðum hérlandis og þeir gefið honum upplýsingar um aðstæður í heimalandinu. „Það væri ferð lífs míns að fara um þessar slóðir og verja góðum tíma í skotveiði og ekki síður stangveiði. Ég á kunningja sem hefur farið nokkrum sinnum til Alaska í stangveiði og þessir annars ágætu laxfiskar sem veiðast hér á Íslandi eru bara litlar murtur miðað við það sem þeir eru að taka þar. Líka væri gaman að fara til Afríku á veiðar en það er allt öðru vísi dæmi.“

ÚTLENDINGAR VEIKIR FYRIR ÍSLENSKUM HRÚTUM

Reimar segir voldugasta hreindýrshaus landsins vera í stofunni hjá

Stefáni Geir Stefánssyni veiðimanni, sem skaut stórfallegan tarf í Sauðafelli fyrir fjórum árum. Það var einmitt árið sem hornamælingarnar hófust og tarfurinn sá hefur stærstu krúnu sem mæld hefur verið til þessa. Eftir næstu veiðivertið verða aftur veitt verðlaun og Stefán Geir getur glaðst yfir sínu gulldýri fram til þess tíma. Það var auðvitað að Reimar sem stoppaði það upp. En hvað langar hann sjálfan að stoppa upp og láta tróna á stofuveggnum hjá sér? „Líkast til verður það hrútur,“ segir Reimar, þótt undarlegt megi virðast. „Fjallafé, sem lifir villt í Alaska, er mjög eftirsótt að veiða. Þetta eru ekki stórir stofnar en mjög sótt í að komast í hrútana. Þeir eru erfiðir og styggir, lifa hátt uppi í fjöllum og eru oft skotnir á löngu færi vegna þess hversu erfitt er að komast að þeim. Myndi ég ná fallegum Doll-Sheep hrút færi hann áreiðanlega upp á vegg hjá mér. Svo á ég sjálfsagt nægt pláss fyrir elg líka þegar þar að kemur.“

Reimar hefur stundum verið með erlenda veiðimenn uppi á fjalli og þá komið fyrir að ekið hafi verið fram á væna íslenska hrúta í fullum skrudu, ullarmikla og fallega. Veiðimenn hafa þá beðið hann að staldra við og hringja nokkur símtöl, til að komast að því hvað hrúturinn kosti. Menn hafa ólmir viljað skjóta þá. Hann segir það þó aldrei hafa komið til og hann náð að kjafta sig út úr því að skjóta kynbótahrúta sveitunga sinna. „Þessi girnd manna í íslenska hrúta er sjálfsagt til komin vegna þess að þeir eru eftirsóttir erlendis. Þar sér maður uppstoppaða hrútshausa þar sem hausinn er tekinn aftur á bóg, en hér hefur tíðkast að hausa hrúta eins og venjulega er gert við sauðfé, rétt aftan við hnakka. Mig langar að stoppa upp hornprúðan, fallegan, íslenskan hrút sem verður þá alveg aftur á herðablöð svo hann haldi tilskyldum virðuleik.“

GLÍMAN VIÐ NÁTTÚRUNA

„Ég hygg að veiði sé frumhvöt. Eins og með aðrar kenndir er hún missterk í okkur. Veiði gefur mér óskaplega



EFTIR AÐ HORNAMÆLINGAR HÓFUST HAFU VERÐLAUN VERIÐ VEITT EINU SINNI. ÞESSI HORNPRÚÐI TARFUR HELDUR ENN GULLVERÐLAUNUNUM. HANN VAR FELLÐUR AF STEFÁNI GEIR STEFÁNSSYNI OG HAUSINN STOPPAÐUR UPP AF REIMARI. NÆST VERÐA VEITT HORNAVERÐLAUN EFTIR VEIÐITIMABIL NÆSTA ÁRS.

mikið; frí frá amstri hversdagsins, sýn á náttúruna í hennar eiginlega ljósi, úti-veru, glímuna við náttúruna og það að dvelja í henni. Hvað leiðsögumennskuna varðar erum við ekki að veiða sjálfir, en fyrir mér snýst veiðiferð með veiðimanni ekki um að taka í gikkinn og skjóta heldur að vera úti, upplifa náttúruna og taka þátt í henni. Svo held ég að hverjum manni sé hollt að komast að því að villibráðin vex ekki í kjötbörði kaupmannsins. Villibráðin á sér heimkynni og íverustað í íslenskri náttúru. Og ekki er annað hægt en að dást að skepnum eins og hreindýrunum, sem lifa í íslenskri náttúru eins og hún er nú oft á tíðum erfið. Maður ber virðingu fyrir þessum skepnum.“ Reimar veiðir bæði með haglabyssu og

rifflí og þykir ekki síðra að vera vopnaður veiðistöng. Hann notar Sako 75, 7,08 cal. á hreindýraveiðar og segist harla ánægður með þá byssu sem henti vel til þess brúks.


Ásdís kona hans tók byssuleyfisnámskeið í fyrrahaust og Reimar segir hana býsna seiga að skjóta, auk þess sem hún sé mjög lunkin með veiðistöng. Tryggvi Hrafn, glóhærður fjögurra ára sonur þeirra, hafi þegar sýnt mikinn veiðihuga og segir Reimar það kæmi á óvart ef ekki yrði þar líka úrvals efni í veiðimann. Ekki gefst tími til frekara skvaldurs að þessu sinni, því hann þarf að hnusa að veðrinu fyrir rökkur og skipuleggja veiðiferð morgundagsins.

MYNDIR ERU ALLAR ÚR EINKAMYNDASAFNI REIMARS ÁSGEIRSSONAR.

SKOTVÍS

Verð 1.190 kr.

Fagrit um skotveiðar og útvíst. 1. tbl. 14. árg. 2008



Nikulás Örgunsson '08